

## *Könnun á ferðavenjum í mars 2009*

### **„Kreppukönnun“**

Unnið fyrir samgönguyfirvöld



Heimild: Mbl.is/kristinn

Svifryksmengun í Reykjavík

**Land-  
ráð sf**

Dr. Bjarni Reynarsson  
Skipulagsfræðingur

## Efnisyfirlit

Ágrip.....	2
Inngangur.....	4
Ferðir út fyrir búsetusvæði.....	6
Innanlandsflug.....	15
Ferðavenjur á höfuðborgarsvæði.....	21
Viðauki: Spurningalisti.....	29

## Ágrip

Helstu niðurstöður þessarar könnunar eru eftirfarandi:

### A: Ferðir út fyrir búsetusvæði.

- Ferðum út fyrir sveitarfélag/búsetusvæði fækkaði um 27% í desember 2008 til febrúarloka 2009 borið saman við sama tíma fyrir ári þ.e fækkun úr 15 í 11 ferðir að meðaltali. Mest hefur dregið úr ferðafjölda frá jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins
- Ferðum til höfuðborgarsvæðisins á þessum tíma hefur ekki fækkað jafn mikið, eða úr 12 í 11 ferðir að meðaltali. Fjöldi ferða frá landsbyggðakjörnum stendur í stað, en umtalsverð fækkun er frá jaðarbyggðum úr 22 í 18 ferðir að jafnaði þessa 3 mánuði.
- Ekki er umtalsverð breyting á ferðamáta frá síðustu könnun. Ferðum með einkabíl fækkaði úr 85% í 82% og þeim fjölgaði um 3% fjölgun sem fara sem farþegar í einkabíl.
- 39% svarenda segja að efnahagsástandið hafi breytt ferðavenjum þeirra. Af þeim sem breyttu ferðavenjum sínum sögðust 48% nota einkabilinn minna, 25% fara færri ferðir út fyrir bæinn, 9% ganga og hjóla meira og 6% nota minna innanlandsflug.
- Um þriðjungur telur að þessar breyttu ferðavenjur verði varanlegar.

### B: Innanlandsflug.

- Á þriggja mánaða tímabili (desember til febrúar) fækkaði flugferðum innanlands lítillega úr 0,7 í 0,6 að meðaltali, aðallega vegna færri ferða frá höfuðborgarsvæði
- Meðalfjöldi flugferða til útlanda seinni hluta árs (ágúst til desember) minnkaði úr 1,1 ferð 2007 í 0,7 ferðir að meðaltali 2008.
- Um 53% svarenda voru sammála því að flýta byggingu samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri.
- Um 68% svarenda vilja hafa miðstöð innanlandsflugs áfram í Vatnsmýri, þar af 60% svarenda á höfuðborgarsvæði. Ef miðstöðin verði flutt vilja 48% að innanlandsflugið fari til Keflavíkur. 10% nefna Löngusker og 5% Hólmsheiði.

### C: Höfuðborgarsvæðið.

- Meðalfjöldi ferða innan höfuðborgarsvæðis á virkum degi hefur lækkað úr 3,9 ferðum 2008 í 3.1 ferð 2009.
- Mikið hefur dregið úr þeim tíma sem fólk eyðir í bíl á virkum degi þ.e. úr 52 mínútum í mars 2008 í 39 mínútur í mars 2009.
- Um tveir þriðju hlutar grunnskólanema borgarinnar fara að jafnaði gangandi í skólann og tæpur fjórðungur er keyrður.
- Notkun einkabílsins sem aðalferðamáta á höfuðborgarsvæðinu hefur minnkað um 3% frá 2007 (úr 87% í 84% allra ferða). Mest minnkun á notkun einkabílsins er í elstu hverfum borgarinnar vestan Kringlumýrarbrautar um 10%.
- Um 11% sögðust nú nota aðra ferðamáta en einkabílinn samanbórið fyrir ári. 51% þeirra sem sögðust hafa breytt ferðamáta sögðust nú ganga meira, 40% nota strætó meira og fjórðungur notar oftari reiðhjól.


- Þegar spurt var um mikilvægustu framkvæmd í ljósi efnahagsástands nefndu 49% bættar almenningssamgöngur og 36% að bæta hjóla- og göngustígakerfið.

### Inngangur

**Um könnunina.** Könnun þessi er unnin að frumkvæði samgönguyfirvalda og kostuð af Vegagerðinni. Ástæða þess að ráðist var í framkvæmd könnunarinnar var áhugi samgönguyfirvalda að meta hve víðtæk áhrif efnahagskreppan sem hófst í október 2008 hafi haft á ferðavenjur landsmanna. Þar sem Land-ráð sf hefur frá 2005 unnið kannanir fyrir samgönguyfirvöld á ferðavenjum landsmanna eru til ágæt samanburðargögn til að meta hvaða breytingar hafa helst orðið fyrstu 6 mánuði kreppunnar frá ferðavenjum síðustu missera.

Könnunin sem fór fram í mars 2009 var símakönnun. Úrtakið var um 1.600 manns og fengust um 900 marktæk svör sem er um 56% svarhlutfall. Spurningalistinn samanstóð af 19 spurningum, nokkuð færri en í síðustu könnun á ferðavenjum þar sem spurningar voru 35. Flestar spurningarnar eru þær sömu og í fyrri viðhofskönnunum um ferðavenjur, en nokkrum nýjum spurningum um áhrif kreppunnar var bætt við (sjá spurningalista í viðauka).

Spurningar skiptast í þrjá megin flokka; ferðir út fyrir sveitarfélag (búsetusvæði), notkun innanlandsflugs og ferðavenjur innan höfuðborgarsvæðis. Könnunarstaðir eru einnig þeir sömu og í síðustu könnunum. Höfuðborgarsvæðið (skipt í 4 borgarhluta), jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins (Árborg, Reykjanesbær og Akranes) og landsbyggðarkjarnar (Ísafjörður, Akureyri og Egilsstaðir).



Mynd 1

**Áhrif kreppunnar.** Umtalsverðar breytingar hafi orðið á neyslu- og ferðavenjum landsmanna eftir bankahrunið í byrjun október 2008. Í Viðskiptablaðinu 22. apríl 2009 er


gerð úttekt á ýmsum birtingarmyndum kreppunnar. Sem dæmi um áhrif kreppunnar á neysluvenjur landsmanna er eftirfarandi:

- Dagvöruverslun minnkaði um 17% á föstu verðlagi fyrstu þrjá mánuði 2009 frá sama tíma 2008 og sala á dýrari vörum eins og húsgögnum og raftækjum um rúm 50%
- Sorpmagn frá atvinnufyrirtækjum minnkaði um rúm 30% fyrstu 10 vikur 2009 miðað við sama tíma 2008.
- Innflutningur á bílum hefur nær stöðvast og sama á við sölu fasteigna þótt verð fari lækkandi

Mikið hefur dregið úr umferð samkvæmt talningum Vegagerðarinnar. Sem dæmi um það eru eftirfarandi tölur:

- Fyrstu þrjá mánuði ársins 2009 minnkaði umferð á þjóðvegum landsins um 3,3% (16 talningastaðir). Þar af lang mest á Norður- og Austurlandi eða um 13%
- Í marsmánuði 2009 minnkaði umferð að meðaltali á öllum talningastöðum um 15% miðað við sama mánuð 2008. (Rétt er þó að taka fram að páskar voru í mars 2008 en í apríl 2009)
- Í marsmánuði 2009 minnkaði umferð á Höfuðborgarsvæðinu minnst af öllum talningastöðum en minnkaði þó um 10%. Mest dró úr umferð á Norður- og Austurlandi eða um 19% frá sama tíma árið á undan.
- Samkvæmt sniðtalningum Reykjavíkurborgar var meðalumferð 2008 um 6% minni en árið áður.

Mynd 2 sýnir umferð á þjóðvegum fyrstu þrjá mánuði árána 2005 til 2009. (Hlutfallstölur og er árið 2005 er sett sem 100). Frá 2005 til 2007 jókst heildarumferð á þjóðvegum um 14%. Stóð í stað árið 2008, en fyrstu þrjá mánuði ársins 2009 var umferð rúmlega 3% minni en sömu mánuði 2008.



Heimild: Vegagerðin


mynd 2

Ef tölum fyrir aprílmánuð 2009 er bætt við varð 0,7% f aukning á umferð fjóra fyrstu mánuði ársins 2009 miðað við sömu mánuði 2008. Samkvæmt tölunum varð aukning á umferð á Suður- og Austurlandi þessa 4 mánuði en minnkun annars staðar á landinu.

## Ferðir út fyrir sveitarfélag (búsetusvæði)

### Hve oft fórst þú út fyrir sveitarfélag/ búsetusvæði þitt í vetur?

Umtalsvert hefur dregið úr fjölda vetrarferða út fyrir sveitarfélag í desember 2008 til febrúarloka 2009 miðað við fyrri kannanir eða 11 ferðir að meðaltali 2009 borið saman við 15 ferðir í könnun 2008 og 14 ferðir í könnun 2005. Þetta er um 27% fækkun ferða frá því árinu áður. Einna minnst fækkun ferða er á höfuðborgarsvæðinu úr 7 ferðum að meðaltali 2008 í 6 ferðir 2009. Mest hefur dregið úr fjölda ferða frá jaðarbyggð.



mynd 3

Umtalsverð fækkun hefur verið á meðalfjölda ferða út fyrir búsetusvæði á öðrum könnunarstöðum en höfuðborgarsvæðinu frá síðustu könnun (tafla 1). Hlutfallslega mest fækkun ferða er frá Reykjanesbæ (36%) og Akureyri (31%) og Ísafirði (38%). Mikið atvinnuleysi hefur verið á Suðurnesjum síðustu mánuði. Minnst hefur dregið úr meðalfjölda ferða frá Egilsstöðum, Akranesi og Árborg

Tafla 1 Breytingar á meðalfjölda ferða út fyrir búsetusvæði 2008 - 2009				
	2008	2009	breyting	%
Reykjanesbær	29,6	18,8	-10,8	36%
Akranes	27,7	22,7	-5	18%
Selfoss	27,5	21,1	-6,4	23%
Ísafjörður	7,0	5,0	-2	28%


Akureyri	9,8	6,8	-3	31%
Egilsstaðir	12,5	10,9	-1,6	13%

Um 16% allra svarenda fór ekki út fyrir búsetusvæði sitt veturinn 2008 til 2009 en tæp 14% á sama tíma ári fyrr. Þeir sem heima sátu eru hlutfallslega flestir í eftirtöldum hópum; fólk eldra en 65 ára, konur frekar en karlar, tekjulágt fólk og þeir sem ekki áttu bíl. Mikill munur er eftir búsetu. Um fjórðungur svarenda á höfuðborgarsvæðinu fór ekki út fyrir höfuðborgarsvæðið, 17% svarenda landsbyggðakjarna, en aðeins 5% svarenda í jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins.

Eins og í fyrri könnunum eru karlar meira á ferðinni en konur. Fólk á aldrinum 25 til 40 ára ferðast oftast en aðrir og þeir svarendur þar sem eru 3 eða fleiri bílar á heimili. Mestu breytingar frá síðustu könnun eru að ferðum fjölgar ekki jafn mikið með auknum tekjum og meiri menntun og áður.

#### Ferð þú nú á líka oft út fyrir búsetusvæði þitt og fyrir 2 til 3 árum?

Um þriðjungur taldi sig ekki fara jafn oft út fyrir búsetusvæði og fyrir 2 til 3 árum en tveir þriðju töldu ferðirnar á líka margar. Þeir sem töldu sig fara sjaldnar en áður voru elstu og yngstu svarendurnir og fólk með lágar tekjur og tiltölulega litla menntun. Svarendur í jaðarbyggð töldu sig ferðast heldur minna út fyrir sveitarfélagið en áður borið saman við önnur könnunarsvæði en þeir hafa verið mun meira á ferðinni en aðrir.




Mynd 4


#### Meðalfjöldi vetrarferða til höfuðborgarsvæðisins.

Meðalfjöldi vetrarferða til höfuðborgarsvæðisins hefur ekki minnkað jafn mikið og ferðir almennt út fyrir búsetusvæði. Meðalfjöldi ferða til höfuðborgarsvæðisins voru 11 ferðir í

könnun 2005, 12,1 í könnun 2008 og 10 ferðir síðasta vetur. Fækkun ferða til höfuðborgarsvæðisins er 17% frá árinu áður, en fækkun ferða út fyrir búsetusvæði var um 27% frá fyrra ári. Þannig að dregið hefur meira úr öðrum ferðum en til höfuðborgarsvæðis. Í mars 2008 sögðust tæp 11% svarenda utan höfuðborgarsvæðis ekki hafa farið þangað síðustu 3 mánuði en í mars 2009 hafði þetta hlutfall hækkað í 17%



mynd 5




mynd 6

**Ferðir svarenda á höfuðborgarsvæði til Árborgar.** Svarendur á höfuðborgarsvæði fóru að meðaltali 1,6 ferðir til Árborgarsvæðisins meðan svarendur á Árborgarsvæði fóru að meðaltali 16 ferðir til höfuðborgarsvæðisins eða 10 sinnum oftar.




Þeir sem fóru hlutfallslega oftast frá höfuðborgarsvæði til Árborgar voru karlar á miðjum aldri, með tiltölulega litla menntun og lágar tekjur og búsettir austarlega á höfuðborgarsvæði.



mynd 7

**Ferðamáti.**

Ekki virðist efnahagskreppan hafa haft veruleg áhrif á ferðamáta fólks út fyrir búsetusvæði þess. 86,2% svenda sögðust yfirleitt ferðast á eigin bíl út fyrir sitt sveitarfélag/ búsetusvæði í mars 2009 en 84,5% árið áður. Aftur á móti er hlutfallsleg aukning á fjölda þeirra sem segjast ferðast með öðrum í einkabíl. Heldur færri segjast nota innanlandsflug en áður 5,6% á móti 7,9% og ekki er aukning á fjölda farþega með rútum samkvæmt svörum þátttakenda.



mynd 8


Nokkur munur er á ferðamáta eftir búsetu. Svarendur í jaðarbyggð eru mestu bílistarnir en 94% þeirra ferðast yfirleitt í eigin bíl út fyrir sveitarfélagið. Samsvarandi tölur fyrir

höfuðborgarsvæðið er 89% og 75% fyrir landsbyggðakjarna þar sem flugið er greinilegur valkostur á móti einkabílnum.

Konur sem og yngstu og elstu aldurshóparnir ferðast hlutfallslega oftast sem farþegar í bíl. Tæp 16% svarenda í landsbyggðakjörnum þremur ferðast oftast með flugi út fyrir sveitarfélagið. Það er svipað hlutfall og í könnuninni í mars 2008 sem gaf tæp 18%.


### Hefur efnahagsástandið haft áhrif á ferðavenjur þínar?

Um 39% þátttakenda svörðu spurningunni játandi en 61% neitandi. Heldur færri svarendur á höfuðborgarsvæðinu telja sig hafa breytt ferðavenjum sínum en svarendur utan höfuðborgarsvæðisins. Um 42% svarenda í jaðarbyggð svara spurningunni játandi, 40% svarenda í landsbyggðakjörnum, en aðeins 36% íbúa höfuðborgarsvæðisins.



Mynd 9


Hlutfallslega fleiri konur en karlar hafa breytt ferðavenjum sínum. Sama á við um fólk á miðjum aldri. Fólk með lágar og miðlungs tekjur og tiltölulega litla menntun hefur breytt ferðavenjum sínum meira en aðrir hópar.



mynd 10


### Hvernig hafa ferðavenjur breyst?

Þeir sem svöruðu spurningunni játandi voru beðnir um að upplýsa í hverju breyttar ferðavenjur þeirra væru fólgnar. Tæpur helmingur eða 48% sögðust aka minna og fjórðungur nota innanlandsflug minna. Aðeins tæp 4% nefndu meiri notkun almenningsvagna.



mynd 11

Hlutfallslega fleiri konur en karlar töldu sig hafa minnkað notkun einkabílsins þ.e. 51% á móti 44%. Eldra fólk segist hafa dregið meira úr notkun einkabílsins en þeir yngri og karlar dregið úr ferðum út fyrir bæinn. Yngstu aldurshóparnir hafa aukið notkun sína á strætó og ganga meira og hjóla en þeir eldri sem mótvægi við þrengri efnahag.




mynd 12


Ef svörin nota bílinn minna og fer sjaldnar á bíl út fyrir bæinn eru dregin saman kemur í ljós að 73% svarenda nefndu þessar breytingar á ferðavenjum sínum. Hlutfall þessara svara hækkar með auknum aldri og fleiri nefna þessar breyttu ferðavenjur á höfuðborgarsvæði og jaðarbyggð en í landsbyggðakjörnum.

**Telur þú að þessar breytingar á ferðavenjum verði varanlegar?**

Um þriðjungur svarenda telja að þessar breyttu ferðavenjur sínar verði varanlegar, 52% reikna ekki með því og 15% eru óviss. Ef aðeins eru teknir þeir sem taka afstöðu eru já svör 39% svara og nei 61%



mynd 13




mynd 14

Það eru frekar konur en karlar sem og ungt og eldra fólk sem telur að breyttar ferðavenjur verði til framtíðar. Sama á við fólk í jaðarbyggð og höfuðborgarsvæði en síður um svarendur í landsbyggðakjörnum. Hlutfallslega fleiri svarendur í eldri hverfum Reykjavíkur en í úthverfum og nágrennbæjum telja að breytingarnar verði varanlegar.

**Hvaða breytingar í stefnumótun og framkvæmdum eiga samgönguyfirvöld að gera í ljósi efnahagsástands?**


Flestir nefna að efla almenningssamgöngur eða 47% og því næst að fjölga sem mest mannaflsfrekum framkvæmdum þ.e. 31%. Aðeins 5% vilja að dregið verði úr framkvæmdum í sparnaðarskyni og 17% vilja eitthvað annað (yfirleitt einstakar framkvæmdir).



mynd 15


### Hver er mikilvægasta framkvæmd í samgöngukerfi landsins næstu misseri?

Eins og í fyrri könnun Land-ráðs fyrir samgönguyfirvöld var nú spurt um hver væri mikilvægasta framkvæmd í samgöngukerfi landsins næstu misseri. Flestir nefna umbætur á Suðurlandsvegi milli Reykjavíkur og Árborgar 28% og næst koma jarðgöng almennt 16%. Sundabraut nefna 9% , umbætur á hringvegi og stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins 8% og 7% bættar almenningssamgöngur. Um 24% nefna einstakar aðrar framkvæmdir.



mynd 16

Mynd 16 sýnir samanburð fimm algengustu svara við kannanir, 2007 til 2009. Helsti munur er hinn vaxandi áhugi fyrir umbótum á Suðurlandsvegi og færri nefna Sundabraut en 2007. Áhugi fyrir jarðgangagerð er svipaður í öllum þremur könnunum.




mynd 17

## Innanlandsflug

### Innanlandsflug síðustu 3 mánuði

Heldur hefur dregið úr meðalfjölda ferða með innanlandsflugi frá könnuninni í mars 2008 þ.e. úr 0,7 ferðum í 0,6 ferðir. Íbúar landsbyggðakjarna nota innanlandsflug áfram þrisvar sinnum meira en svarendur á höfuðborgarsvæði og jaðarbyggð. Dregið hefur verulega úr notkun innanlandsflugs hjá svarendum á höfuðborgarsvæði og sama má segja um konur en ekki karla því að notkun þeirra á innanlandsflugi hefur aukist lítillega.

Eins og í fyrri könnunum eru það karlar á miðjum aldri með mikla menntun og háar tekjur sem nota innanlandsflug einna mest.




mynd 18

### Flug til útlanda

Í könnuninni var bæði spurt um hve oft svarendur flugu til útlanda seinni hluta árs 2007 og 2008 (ágúst til desember) til að kanna áhrif efnahagskreppunnar. Meðalfjöldi ferða haustið 2008 var um 36% minni en árið áður þ.e. ferðum fækkaði úr 1,1 að meðaltali í 0,7.


Mest hefur dregið úr fjölda ferða hjá fólki á aldrinum 35 til 54 ára og hjá íbúum höfuðborgarsvæðisins. Það eru einmitt þeir hópar sem fljúga að meðaltali oftast til útlanda. Þeir sem hafa mestu menntun og hæstar tekjur fljúga mest til útlanda og það er einmitt hjá þessum hópum sem verður mest fækkun ferða. Þannig fellur meðalferðatíðni þeirra sem voru með yfir 800.000 kr heimilistekjur úr 2 ferðum haustið 2007 í 1,3 haustið 2008.



mynd 19

### Samgöngumiðstöð í Vatnsmýri.


Spurt var hvort fólki litist vel eða illa á að flýta byggingu samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri. Meirihluti eða 53% sögðust lítast mjög vel eða vel á það, 20% illa, 26% voru hlutlaus.



mynd 20



Skoðanir eru nokkuð skiptar eftir félagshópum og búsetu. Körlum líst mun betur á að flýta framkvæmdum en konum þ.e. 61% á móti 44%. Stuðningur við að flýta framkvæmdum vex með aldri svarenda. Tæpur helmingur svarenda á höfuðborgarsvæði og jaðarbyggð eru hlynntir því að flýta framkvæmd, en mikill meirihluti svarenda á höfuðborgarsvæði eða 61% fylgjandi því.




mynd 21

Nokkur munur er milli könnunarsvæða/staða. Þannig er meirihluti svarenda sem býr vestan Kringlumýrarbrautar í Reykjavík fylgjandi því að framkvæmdum verði flýtt eða 51%, en aðeins 36% svarenda í Reykjanesbæ, enda stór hluti íbúa þar sem vildi sjá innanlandsflugið flutt til Keflavíkur. Þeir sem hafa hæstar tekjur eru hlynntastir því að flýta framkvæmd og eins þeir sem lokið höfðu verklegu framhaldsnámi.

### Á að flytja miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýri eða ekki?

Um tveir þriðju hlutar allra svarenda eða 68% vilja halda miðstöð innanlandsflugs áfram í Vatnsmýri. 54 % eru mjög ósammála því að flytja eigi innanlandsflugið úr Vatnsmýrinni og 14% frekar ósammála. Um 10% eru hlutlausir, 8% sammála flutningnum og 14% mjög sammála.


Um 41% svarenda í Reykjavík sem búa vestan Kringlumýrarbrautar vilja fá flugvöllinn burt úr Vatnsmýri en aðeins rúm 20% þeirra sem búa í úthverfum Reykjavíkur og grannsveitarfélögum eru sama sinnis. Ekki er verulegur munur á viðhorfum fólks til flutnings flugvallarins eftir menntun né tekjum, helst að hátekjufólk sem flýgur yfirleitt meira en aðrir vilji halda honum á sama stað.



mynd 22

Eins og fram kemur á mynd 23 sem sýnir viðhorf svarenda varðandi mögulegan flutning flugstarfsemi úr Vatnsmýri í þremur könnunum Land-ráðs sf fyrir samgönguyfirvöld í marsmánuði 2005, 2008 og 2009 hefur andstaðan við flutning vaxið á öllum könnunarstöðum.


Andstaðan hefur alltaf verið mest í landsbyggðarkjörnunum og er að nálgast 90% svarenda þar. Andstaðan við flutning hefur vaxið hratt á höfuðborgarsvæðinu var 49% í mars 2008 en er nú 60%. Andstaða við flutning er 55% í jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins og er rúm 70% ef Reykjanesbær er ekki talinn með.



mynd 23

**Ef ákveðið verður að flytja miðstöð innanlandsflugs hvert á þá að flytja hana?**

Ef miðstöð innanlandsflugs verður flutt telja um 48% að Keflavík væri heppilegasti staðurinn, 10% nefna Löngusker og 5% Hólmsheiði. Um 37% svör flokkast undir annað. Tæpur helmingur þeirra sem nefndu annað vildu alls ekki flytja miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýri og margir vildu láta leita að öðrum staðsetningarkostum í nálægð höfuðborgarsvæðisins.



mynd 24

Yngsti aldurshópurinn og svarendur í Árborg voru hlynntari Hólmsheiði en aðrir. Karlar, ungt fólk og íbúar grannsvéitarfélaga Reykjavíkur voru hallari undir Löngusker en aðrir. Konur, elsti aldurshópurinn og svarendur í hæsta tekjuflokki voru hlynntari Keflavík en aðrir.

## Ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu


Í könnuninni er höfuðborgarsvæðinu skipt í 4 hluta, sjá mynd 25 hér að neðan.



mynd 25

### Meðalfjöldi ferða á virkum degi innan höfuðborgarsvæðis.

Meðalfjöldi ferða innan höfuðborgarsvæðis hefur minnkað um 20% frá könnun árinu áður. Hann reyndist nú 3,1 ferð að meðaltali, var 3,9 ferðir 3008 og 3,6 ferðir 2007. Rúmur helmingur svarenda fer að meðaltali 3 ferðir eða færri að meðaltali á virkum degi og 15% fara að meðaltali 6 eða fleiri ferðir (Ferð frá stað A til staðar B telst ein ferð).




mynd 26

Ef litið er nánar á hverjir fara að meðaltali 3 ferðir eða oftar (þ.e. eru mikið á ferðinni) kemur í ljós að karlar eru meira á ferðinni en konur og ferðatíðni lækkar með aldri. Þeir sem eiga flest börn og svarendur þar sem eru 3 eða fleiri bílar á heimili hreifa sig mest. Ekki er marktækur munur eftir menntun en þeir sem eru í hæstu tekjuflokkunum eru heldur meira á ferðinni en aðrir.

### Ferðamáti.


Ekki hafa orðið róttækar breytingar á ferðamáta íbúa höfuðborgarsvæðisins frá síðustu könnunum. Þó má sjá að notkun einkabílsins er aðeins að dragast saman úr 87% ferða 2007 í 84% samkvæmt könnuninni í mars 2009. Ekki er aukning hjá þeim sem fara sem farþegar með öðrum á einkabíl. Sama á við ferðir með reiðhjóli og strætó þær standa í stað. Aftur á móti eykst fjöldi þeirra sem ferðast yfirleitt fótgangandi úr 3% í 7%.

Konur fara bæði meira fótgangandi og með strætó en karlar. Yngsti aldurshópurinn fer hlutfallslega mest fótgangandi og með strætó. Bílanotkun eykst almennt með aldri og auknum tekjum.



mynd 27

Mynd 28 sýnir hlutfall allra ferða á einkabíl eftir borgarhlutum á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavík I eru hverfi vestan Kringlumýrarbrautar. Reykjavík II hverfi milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar. Reykjavík III hverfi í Reykjavík austan Kringlumýrarbrautar auk Mosfellsbæjar. Grann sveitarfélög á við sveitarfélögin sunnan Reykjavíkur. Greinilegt er að minnst einkabílanotkun er í elstu hverfum borgarinnar vestan Kringlumýrarbrautar og þar hefur notkun einkabíla einnig minnkað mest á síðustu árum.




mynd 28

Nokkur minnkun á notkun einkabílsins er einnig sjáanleg í hverfunum milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar í Reykjavík, en lítil minnkun á notkun einkabíls í hverfum á útjöðrum höfuðborgarsvæðisins. Mest notkun reiðhjóla er í Reykjavík I og sama á við um hlutfall ferða fótgangandi og með strætó. Hún er mest í Reykjavík I og næstmest í Reykjavík II.

Mest blöndun á ferðamáta er því í elstu hverfum Reykjavíkur umhverfis miðbæinn sem bendir til þess að mikill þéttleiki byggðar og blöndun landnotkunar þar bjóði upp á aðra ferðamáta en einkabílinn.

#### **Hvernig fer barnið þitt að jafnaði í grunnskólann (ferðamáti)**

Um tveir þriðju hlutar barna fara að jafnaði gangandi og tæpur fjórðungur er yfirleitt keyrður í grunnskólann. 5% fara hjólandi og 2% taka strætó. Rétt er að minna á að spurt er um miðjan vetur þ.e. í byrjun mars en líklega fara hlutfallslega fleiri börn gangandi og hjólandi snemma hausts og á vorin. Þetta eru svipaðar niðurstöður og komu fram í könnun Gallups fyrir umferðardeild borgarinnar í árslok 2008 en sú könnun tók aðeins til Reykjavíkur og er ekki vel sambærileg vegna annarra aldursmarka ofl þátta.




mynd 29

### Hve löngum tíma eyðir þú að jafnaði í einkabíl á virkum degi?

Meðaltími sem svarendur á höfuðborgarsvæðinu eyða í einkabíl á virkum degi hefur stytst umtalsvert eða úr 52 mínútum 2008 í 39 mínútur 2009. Það er heldur styttri tími en 2007 sem var 42 mínútur. Karlar virðast hafa stytt tímann í bílferðum mun meira en konur. Sama á við fólk á aldrinum 35 til 54 ára.

Svarendur í elstu hverfum Reykjavíkur hafa stytt viðverutíma sinn í einkabílum meira en aðrir þ.e. úr 48 mínútum að meðaltali í 30 mínútur. Meðaltími þeirra sem búa í úthverfum Reykjavíkur og grannsvætarfélögum er um 45 mínútur þ.e. þessi tími lengist með aukinni fjarlægð frá miðborg Reykjavíkur. Reyndar hafa allir hópar stytt þann tíma sem þeir hafa eytt í einkabílum frá síðustu könnunum. Karlar eyða meiri tíma en konur í bílum og sama má segja um yngstu aldurshópna sem eru meiri bíllistar en þeir eldri. Um 20% allra svarenda eyða 15 mínútum eða minna í bílnum að jafnaði og 13% meira en einni klukkustund.

Ekki var spurt um meðalferðatíma milli heimilis og vinnustaðar í þessari könnun en í könnuninni 2007 (sumarkönnun) reyndist meðalferðatími 10½ mínúta og rúmar 9 mínútur í vetrarkönnun 2008. Helsta skýringin á þessum mismun á ferðatíma felst líklega í meiri og þyngri umferð í september þegar skólar eru að byrja á þeim tíma þegar sumarkönnun var gerð en í mars þegar vetrarkönnun var gerð.




mynd 30

### Notar þú nú meira aðra ferðamáta en einkabílinn en fyrir ári?

Um 11% svarenda á höfuðborgarsvæði sögðust í mars 2009 nota aðra ferðamáta en einkabílinn meira en fyrir ári, en 89% töldu notkunina svipaða. Konur töldu sig nú nota bílinn nú minna en karlmenn, 13% á móti 9%. Það eru aðallega ungt fólk 18 – 34 ára sem hefur dregið verulega úr notkun einkabílsins eða 19% þeirra á móti 8% til 9% þeirra eldri.

Sama má segja um fjarlægð frá miðborg Reykjavíkur. Um 18% þeirra sem búa vestan Kringlumýrabrautar næst miðborg töldu sig nú nota meira aðra ferðamáta en einkabílinn, en aðeins 4% þeirra sem búa sveitarfélögunum sunnan Reykjavíkur. Þeir sem eru með lágur tekjur og þau heimili þar sem eru fá börn og aðeins einn bíll nota nú meira aðra ferðamáta en einkabílinn en áður






mynd 31

**Þeir sem sögðust hafa breytt ferðamáta – hvaða breytingu gerðu þeir?**

Flestir eða 51% nefndu að þeir færu oftari gangandi. Rúm 40% sögðust oftari nota strætó og fjórðungur sagðist hjóla meira. Um 3% nefndu að þeir fengju oftari far með öðrum í bíl og 8% nefndu að þetta væri breytilegt. Rétt er að minna á að þetta voru aðeins 11% svarenda og svarhópurinn því lítil eða innan við 60 manns.




mynd 32

**Í ljósi efnahagsástandsins hvaða aðgerð eiga samgönguyfirvalda að setja í forgang 3 kostir** þeir 3 kostir sem þeir sem þegar sögðust hafa breytt ferðavenjum sínum voru beðnir að velja á milli voru eftirfarandi:

1. Einbeita sér að arðbærum framkvæmdum við stofnbrautakerfið
2. Setja aukið fé í lagningu hjóla- og göngustíga
3. Styrkja almenningsamgöngur m..a. rekstur Strætó bs

Flestir eða tæpur helmingur völdu að efla almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Um 36% vildu sjá auknu fé varið í lagningu hjóla- og göngustíga og aðeins 13% völdu arðsamar framkvæmdir við stofnbrautakerfið. Setja verður varnagla við þessa niðurstöðu sem tók ekki til allra svarenda, aðeins þeirra sem sögðust þegar hafa breytt ferðavenjum sínum. Líklega hefðu hlutfallslega fleiri valið umbætur á stofnbrautakerfinu ef allir hefðu svarað spurningunni.




mynd 33

#### **Hver af eftirtöldum framkvæmdum við stofnbrautakerfið finnst þér mikilvægust?**

Spurt var um hverja af eftirtöldum þremur framkvæmdum við stofnbrautakerfið svarendum þætti mikilvægust. Þessar framkvæmdir eru:

- 1) Sundabraut (tenging yfir Kleppsvík)
- 2) Mislæg gatnamót Miklubrautar – Kringlumýrarbrautar og Miklabraut í stökk frá Rauðarárstíg til Stakkahlíðar
- 3) Hlíðarfótur, ný stofnbraut sunnan Öskjuhlíðar milli Kringlumýrarbrautar og Hringbrautar.

Flestir völdu kost 2 Miklubrautarframkvæmdir eða 51%, þarnæst Kost 1 Sundabrautina 44% og 5% völdu kost 3 Hlíðarfót. Þetta eru nokkuð svipaðar niðurstöður og í vetrarkönnun 2008. Svarendur vestan Kringlumýrarbrautar völdu hlutfallslega margir Sundabraut og Hlíðarfót. Svarendur búsettir milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar nefna hlutfallslega margir stokkalausn fyrir Miklubraut. Þeir sem búa austan Reykjanesbrautar vilja fá Sundabraut og svarendur búsettir í sveitarfélögunum sunnan Reykjavíkur nefna hlutfallslega margir mislæg gatnamót Miklubrautar – Kringlumýrarbrautar.



mynd 34

## Viðauki – Spurningalisti

### Könnun á ferðavenjum vetur 2008-2009

#### „Kreppukönnun“

#### Spurningar

##### A ) ferðir út fyrir búsetusvæði (Allir svári):

1. Hve oft fórst þú út fyrir búsetusvæði þitt sl 3 mánuði (desember til febrúar)?
2. Ferð þú þú nú álíka oft út fyrir búsetusvæði og fyrir 2 til 3 árum? (3 kostir?)
3. Hve oft fórst þú til höfuðborgarsvæðisins í vetur (desember til febrúar)? (Ekki svarendur á hbsv)
4. Hvernig ferðast þú oftast út fyrir þitt sveitarfélag (höfuðborgarsvæði) ?
5. Hefur efnahagsástandið síðustu 6 mánuði haft áhrif á ferðavenjur þína? Ef já, hver af eftirtöldum atriðum eiga einkum við þig? (
  - a) Nota einkabílinn minna
  - b) Fer færri ferðir á bíl út fyrir bæinn
  - c) Hef fækkað bílum á heimili
  - d) Nota innanlandsflug minna
  - e) Nota innanlandsflug meira
  - f) Geng og hjóla meira
  - g) Nota strætó almennt meira
  - h) Nota meira almenningssamgöngur í ferðum út fyrir sveitarfélagið (langferðabíla og strætó, Akranes, Árborg)
  - i) Annað, hvað
6. Þeir svári sem sögðu já við sp. 5. Telur þú að þær breytingar sem þú hefur gert á ferðavenjum þínum síðasta hálfu árið séu nokkuð varanlegar þótt efnahagsástandið batni? (já, nei, veit ekki)
7. Hvaða breytingar eiga samgönguyfirvöld helst að gera varðandi stefnumótun og framkvæmdir með hliðsjón af efnahagsástandi? (flokkað?)
  - a) Fjölga sem mest mannaflsfrekum framkvæmdum við samgöngukerfi
  - b) Draga úr framkvæmdum næstu misseri
  - c) Efla almenningssamgöngur
  - d) Annað, hvað?
8. Hver er mikilvægasta framkvæmd í samgöngukerfi landsins næstu misseri að þínu mati? (skrá svör)

##### B) Flugsamgöngur (allir svári)

1. Hve oft flaugst þú innanlands sl 3 mánuði (desember – febrúar)
2. Hve oft flaugst þú til útlanda á eftirfarandi tímabilum? a) águst – des 2008  
b) águst – des 2007
3. Lýst þér vel eða illa á að flýta byggingu samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri? (5 flokkar)
4. Ert þú sammála eða ósammála því að flytja eigi miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýri? (5 flokkar)

5. Ef ákveðið verður að flytja miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýri hvert á þá að flytja hana? (Hólmsheiði, Löngusker, Keflavík, annað, hvert? )

**C) Ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu sl 6 mánuði** (Aðeins íbúar höfuðborgarsvæðis):

- 1) Hve margar ferðir ferð þú að jafnaði á virkum degi? (ferð milli A og B)
- 2) Hvernig ferðast þú að jafnaði innan höfuðborgarsvæðisins(ferðamáti)?
- 3) Hve löngum tíma telur þú að þú eyðir í einkabíl að jafnaði á virkum degi?
- 4) Notar þú nú meira aðra ferðamáta en einkabíl en á sama tíma í fyrri? (já, nei).  
Ef já, hvaða ferðamáta?
  - a) Fer meira gangandi
  - b) Nota meira reiðhjól
  - c) /mótorhjól
  - d) Nota meira strætisvagna
  - e) Fæ oftast far með öðrum í bíl
  - f) Nota meira leigubíla
  - g) Annað
- 5) Í ljósi efnahagsástandsins hver af eftirtöldum aðgerðum telur þú mikilvægast að samgönguyfirvöld setji í forgang á höfuðborgarsvæðinu?
  - a. Einbeita sér að þeim framkvæmdum við stofnbrautakerfið sem gefa mesta arðsemi?
  - b. Draga úr framkvæmdum við stofnbrautakerfið
  - c. Setja aukið fé í lagningu hjóla- og göngustíga
  - d. Styrkja almenningssamgöngur m.a. rekstur strætó bs
  - e. Annað (hvað?)
- 6). Hvaða framkvæmd við stofnbrautakerfi á höfuðborgarsvæðinu er mikilvægust?
  - A) Sundabraut
  - B) Gatnamót Miklubrautar/Kringlumýrarbrautar og Miklabraut í stökk frá Snorrabraut að Stakkahlíð
  - C) Hlíðarfótut , þ.e. stofnbraut frá Kringlumýrarbraut sunnan Öskjuhlíðar sem tengist Hringbraut við Landspítala
  - D) Annað, hvað?

Bjarni Reynarsson,  
skipulagsfræðingur